



RÚNAR HELGI VIGNISSON
RITHÖFUNDUR, ÞÝÐANDI, DÓSENT Í RITLIST
HRÍSMÓUM 11
210 GARÐABÆR

Frumsamín skáldverk

- *Ást í meinum*. Sagnasveigur. Uppheimar, 2012.
- *Nautnastuldur*. Endurskoðuð útgáfa í kilju. Græna húsið, 2006.
- *Feigðarflan*. Skáldsaga. Græna húsið. 2005.
- *Í allri sinni nekt*. Sagnasveigur. JPV forlag, 2000.
- *Ástfóstur*. Skáldsaga. Forlagið. 1997.
- *Strandhögg*. Sagnasveigur. Forlagið. 1993.
- *Nautnastuldur*. Skáldsaga. Forlagið. 1990.
- *Ekkert slor*. Skáldsaga. Forlagið. 1984.

Þýðingar á íslensku

- *Bartleby skrifari* eftir Herman Melville. Þýðingasetur Háskóla Íslands 2017.
- *Smásögur heimsins – Norður-Ameríka* (þýddi 6 sögur af 13). Bjartur 2016.
- *Sem ég lá fyrir dauðanum* eftir William Faulkner. Uppheimar 2013.
- *Vegurinn* eftir Cormac McCarthy. Bjartur 2010.
- *Hvað er þetta Hvað* eftir Dave Eggers. Bjartur 2008.
- *Göngin* eftir Roderick Gordon & Brian Williams. Bjartur 2008.
- *Sólvængur* eftir Kenneth Opper. Græna húsið 2006.
- *Silfurvængur* eftir Kenneth Opper. Græna húsið 2005.
- *Barndómur* eftir J. M. Coetzee. Þýðing og eftirmáli. Bjartur 2005.
- *Friðþæging* eftir Ian McEwan. Bjartur 2003, kilja 2008.
- *Hin feiga skepna* eftir Philip Roth. Þýðing og eftirmáli. Bjartur 2003.
- *Ísherrann – hin afdrifaríka sjóferð Karluks* eftir Jennifer Niven. PP forlag 2001.
- *Túlkur tregans* eftir Jhumpa Lahiri. Bjartur 2001.

- *Vansæmd* eftir J. M. Coetzee. Bjartur 2000, kilja 2007.
- *Ljós í ágúst* eftir William Faulkner. Þýðing og eftirmáli. Bjartur 1999.
- *Fröken Peabody hlotnast arfur* eftir Elizabeth Jolley. Þýðing og eftirmáli. Strandhögg 1998.
- *Leikur hlæjandi láns* eftir Amy Tan. Bjartur 1992. Endurskoðuð útg. með eftirmála, Mál og menning 1998, 2014.
- *Sérrit Ástralía*. Formáli og þýddar ástralskar smásögur. *Bjartur og frú Emilía* nr. 3 1997.
- *Vertu sæll, Kólumbus* eftir Philip Roth. *Rás 1* 1988. Endurskoðuð þýðing ásamt ítarlegum eftirmála útgefin af Bjarti 1994.

Ritstjórn

- *Smásögur heimsins – Rómanska-Ameríka*. Ritstjóri ásamt Jóni Karli Helgasyni og Kristínu Guðrúnu Jónsdóttur. Bjartur 2017.
- *Barátta mín – 1. bálkur* eftir Karl Ove Knausgaard. Sagarana Editora Forlag 2017. Ritstjóri ásamt Gauta Kristmannssyni.
- *Smásögur heimsins – Norður-Ameríka*. Ritstjóri ásamt Jóni Karli Helgasyni og Kristínu Guðrúnu Jónsdóttur. Bjartur 2016.
- *Uppspuni, nýjar íslenskar smásögur*. Ritstjórn og ritun eftirmála og kennsluleiðbeininga. Bjartur 2004.

Fræðigreinar

- „[Af hverju var Finnur kallaður Stikilberja-Finnur, er það ekki ruglingur á berjum?](#)“ *Vísindavefurinn* 2018.
- „Ó, Bartleby! Ó, mannkyn!“ Eftirmáli að þýðingu á Bartleby skrifara. Þýðingasetur Háskóla Íslands 2017.
- „[Ef maður þýðir enska bók yfir á íslensku og þýðir þýðinguna svo yfir á ensku, er maður þá ekki að afþýða hana?](#)“ *Vísindavefurinn* 2016.
- „[Hvað er ritstífla og hvernig er hægt að losna við hana?](#)“ *Vísindavefurinn* 2016.
- „[Hvernig skrifar maður bók?](#)“ *Vísindavefurinn* 2016.
- „[Skáldað og óskáldað – skáldsaga og sannsaga](#)“. *Hugrás* 2016.
- „[Ástin sem einangrað fyrirbæri](#)“. Ritdómur um *Í leyfisleysi* eftir Lena Andersson. *Hugrás* 17.8.2015.
- „Svigrúm þýðandans – með hliðsjón af þýðingum á verkum J. M. Coetzee“. *An Intimacy of Words*, eds. Matthew Whelpton, Guðrún björk Guðsteinsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Martin Regal. Háskólaútgáfan 2015.
- „Við niðinn í rafalnum“. Eftirmáli. *Sem ég lá fyrir dauðanum*. Uppheimar 2013.
- „Smáfuglar fagrir – staldrað við nokkrar smásögur frá liðnum árum“, *Spássían* 2. árg. 4. tbl 2011, bls. 36-39.
- „Leiðbeiningar um ritun fræðigreina“, *Læknablaðið* 9. tbl. 97. árg. 2011, ásamt Einari Stefánssyni og Önnu Bryndísi Einarsdóttur, bls. 483–485.

- „[Ein stök mynd](#)“, *Hugrás* 1.6.2011.
- „[Innistæðulaus ást](#)“, *Hugrás* 17.2.2011. On *King Lear*.
- „[Hvernig verður höfundur til?](#)“ *Hugrás* 27.1.2011:
- „[Gagnsemi ritlistar](#)“, *Skíma*, 1. tbl. 34. árg. 2011.
- „Pórshöfn eða Hveragerði?“, ritdómur *TMM 2* 2011, bls. 134–136
- „Feita piltsins draumur“. *Tímarit Máls og menningar* 3 2009, bls. 32–35.
- Eftirmáli að *Barndómi* eftir J. M. Coetzee. Bjartur 2005, bls.169–174.
- Eftirmáli að *Uppspuna. Nýjar íslenskar smásögur*. Bjartur 2004, bls. 145–158.
- *Uppspuni. Handbók kennara*. Bjartur 2004, 44 bls.
- „Flagarinn og fræðimaðurinn“, eftirmáli að *Hinni feigu skepnu* eftir Philip Roth. Bjartur 2003, bls. 137–143.
- „Of og van – eftirmáli að *Vansæmd* eftir J. M. Coetzee“. *Heimur skáldsögunnar*, ritstjóri Ástráður Eysteinnsson. Bókmenntafræðistofnun HÍ 2001, bls. 256–263.
- „Og það varð *Ljós í ágúst*“. Eftirmáli að *Ljosi í ágúst* eftir William Faulkner. Bjartur 1999, bls 372–379.
- „Furðufuglar og fylgifiskar – áströlsk kvikmyndagerð í ljósi innlendra og erlendra menningarstrauma“, í bókinni *Heimur kvikmyndanna*, ritstjóri Guðni Elísson, Forlagið 1999, bls. 212–219.
- „Eftirmáli þýðanda“. Eftirmáli að *Leik hlæjandi láns* eftir Amy Tan. Mál og menning 1998, bls. 316–330).
- „Arfur úr suðri – Elizabeth Jolley og verk hennar“. Eftirmáli að *Fröken Peabody hlotnast arfur*. Strandhögg 1998, bls. 167–176.
- „Sýnt í tvo heimana — þreifað á tvísýnum höfundum“. Um innflytjendabókmenntir. *Tímarit Máls og menningar* 3 95, bls. 88–103.
- „Sjóarinn sem er ekki til – róíð á mið íslenskra sjóarasagna“. Ritdómur. *Skírnir*, haust 1995, 489-506.
- „Ójöfnur í tímanum“. Ritdómur um *Fjórðu hæðina* eftir Kristján Kristjánsson. *Tímarit Máls og menningar* 3, 1994, 115-119.
- Eftirmáli að *Vertu sæll, Kólumbus* eftir Philip Roth. Bjartur 1994, bls. 122–138.
- „Raunsæir draumórar — um bandaríska rithöfundinn Philip Roth“. *Bjartur og frú Emilía* 4, 1993, 39-58.
- „Andfætis og umhendis — ástralskar bókmenntir í ljósi nýlendusögu“, *Tímarit Máls og menningar* 3, 1993, bls. 65-75.

Þýtt fræðiefni

- „Óboðinn gestur, fyrstu birtingarmyndir hernámsins í íslenskum skáldskap“ eftir Daisy Neijman, þýðing, *Skírnir*, vor 2011, bls. 64-88.
- „Félagsvísindamanna saga“ eftir Richard Gaskins. *Skírnir* vor 1997, bls. 237-259.
- „Íslenska röddin í kanadískum bókmenntum“ eftir Daisy Neijmann. *Skírnir* vor 1996, bls. 145-171.

- „Hin nýja bókmenntasaga Íslendinga“. Ritdómur eftir Kirsten Woolf. *Skírnir*, vor 1995, 223-233.
- „Skarlatsbúinn væringi — Þorleifur Repp, Sir Walter Scott og Færeyinga saga“ eftir Andrew Wawn. *Skírnir* haust 1991, bls. 360-386.

Greinar, smásögur, viðtöl og útvvarpsþættir (úrval):

- „Pinkie“ eftir Alecie McKenzie. *Smásögur heimsins – Rómanska-Ameríka*. Bjartur 2017.
- „[Sandals](#).“ Translated by Julian D’Arcy. *Ninth Letter* 2017.
- „[If You are Going to Ditch Me](#).“ *Ninth Letter* 2017.
- „Travel Companion.“ In *Out of the Blue, New Short Fiction from Iceland*, ritstj. Helen Misios. Minnesota University Press 2017.
- „[Útvistun uppeldis](#).“ *Kjarninn* 2016.
- „Hin útvalda“ eftir Barbara Baynton. *Jón á Bægisá* 2016. Þýtt ásamt Vilborgu Halldórsdóttur.
- „Bletturinn“. Smásaga *Tímarit Máls og menningar* 4 2016.
- „Svolftíð um samtíning“. *Stína* 2 2016.
- „Hóstað á tónleikum““ eftir Heinrich Böll. *Stína* apríl 2015, bls. 26–27.
- „Vistvæn börn“. *Börn og menning* 2011.
- „Stríð í stuttboxum – íþróttahreyfingin með augum föður“. On the Icelandic sports world, from a father’s perspective. *Tímarit Máls og menningar* 3 2010.
- „Inniskór“. Smásaga *Tímarit Máls og menningar* 1 2012.
- „Mál málanna“. *Tungumál ljúka upp heimum. Orð handa Vigdísi*. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, 2010.
- „Stríð í stuttboxum – íþróttahreyfingin með augum föður“. TMM 3 2010.
- „Þjófur –s, -ar KK“. Fréttablaðið 9.7. 2010
- „Bókin sem mátti ekki koma út í kilju“. Pistill í tilefni af endurútgáfu *Nautnastuldar*. www.graenahusid.is 2007.
- „Hvað ert þú að gera í Garðabæ?“ *Lesbók Morgunblaðsins* 23.6. 2007
- „Coetzee og hans fólk“. *Lesbók Morgunblaðsins* 8.9. 2007.
- „Hvers vegna þýðum við úr ensku?“ *Lesbók Morgunblaðsins* 27.10 2007.
- *Vansæmd* í þýð. Rúnars Helga. Útvarps saga. *Rás 1*, sept.–okt. 2007, Hjalti Rögnvaldsson las.
- „Skóla(f)árið“. Grein um skólamál. *Skólavárðan* 2. tbl. 7. árg. mars 2007.
- „Skóflustunga að sköpunarstarfi“. Pistill í *Lesbók Morgunblaðsins* 28.1. 2006.
- „Amma’s kaffihaus“. Pistill um afdrif íslenskunnar í Vesturheimi. *Lesbók Morgunblaðsins* 5.8. 2006.
- „Ástarsaga eða listasaga?“ Grein um *Theft* eftir Peter Carey. *Lesbók Morgunblaðsins* 7.10. 2006.
- „Missir á missi ofan“. Um kanadíska höfundinn David Gilmour. *Lesbók Morgunblaðsins* 2.9. 2006.
- „Leiksoppar sagnamanns“. Um *Slow Man* eftir J.M. Coetzee. *Lesbók Morgunblaðsins* 21.1. 2006.
- „Kallið mig Egil“. *Lesbók Morgunblaðsins* 28.10 2006.

- „Töfrandi hugsanir um missi“. Um *The Year of Magical Thinking* eftir Joan Didion. *Lesbók Morgunblaðsins* 25.3. 2006.
- „Líkamspartasala Ishiguro“. Grein um *Never Let Me Go* eftir Kazuo Ishiguro. *Lesbók Morgunblaðsins* 2.7. 2005.
- „Ást í meinum“. Smásaga. *Nýtt líf*, 2005.
- „Seiður og hélog“. Útvarpsþáttur um *Saturday* eftir Ian McEwan, Rás 1, 2005.
- „Sjáflýsandi þýðingar“. Pistill í *Lesbók Morgunblaðsins* 19.11. 2005.
- „Fasismi í Ameríku: skáldskapur eða staðreynd?“ Grein um *The Plot against America* eftir Philip Roth. *Lesbók Morgunblaðsins* 2004.
- „Ættartalan“. Smásaga, 23. apríl. Félag ísl. bókaútgefenda, 2004.
- „Þýðinguna eða lífið?“ Grein um þýðingar og þjóðerni. *Lesbók Morgunblaðsins* 1.5. 2004.
- „Með augum utangarðsmannsins“. Um Nóbelsverðlaunahafann J.M. Coetzee. *Rás 1*, des. 2003.
- „Maður sér ekki skýrt niður á nefið á sér“. Grein við opnun Rithringsins (www.rithringur.is) 15.2. 2003.
- „Landnámsmenn nútímans“. *Lesbók Morgunblaðsins* 26.4. 2003.
- „Rýnt í mannanna mynstur“. Um höfundarverk J. M. Coetzee í tilefni af Nóbelsverðlaunum. *Lesbók Morgunblaðsins* 11.10.2003.
- „Lendur listamanns“. Um *Youth* eftir J. M. Coetzee. *Lesbók Morgunblaðsins* 28.9. 2002.
- „Galdrakarlinn frá Oz“. Grein um Peter Carey. *Lesbók Morgunblaðsins* 3.11. 2001.
- „Safngripir“. Smásaga í endurskoðaðri gerð. *Tímarit Máls og menningar* 4 2000.
- „Föðurást“. Þýdd smásaga eftir Bharati Mukherjee. *Jón á Bægisá* 2000.
- *OÚ í hálfu öld, saga Olíusamlags útvegsmanna 1948-1998*. Um sögu olíuverslunar á Ísafirði. OÚ, Ísafirði 1998, 52 bls.
- „Safngripir“. Smásaga. *Rás 1* 1997.
- „Glæður“. Smásaga. *Tímarit Máls og menningar* 2 1997.
- „Reykskynjarinn“. Smásaga. *Rás 1* 1996.
- „Sýnt í tvo heimana“. Þáttaröð um bókmenntir „tvísýnna“ höfunda. *Rás 1* 1996.
- „Fjöruferðir“. Róttæk endurgerð. *Andblær*, 5. hefti 1996.
- *Gunnvör í hálfu öld*. Rit um sögu útgerðarfélagsins Gunnvarar. Gunnvör, Ísafirði 1995, 48 bls.
- „Lesið í landið neðra“. Þáttaröð um ástralskar bókmenntir. *Rás 1* 1995.
- „Þá vissi ég að ég var komin í höfn – Amy Tan þótti tíðindum sæta að vera þýdd á íslensku“, *Morgunblaðið* 25. 11. 1995.
- „Bandarískur ríkisborgari. En“. Útvarpsþáttur um Bharati Mukherjee. *Rás 1* 1994.
- „Sígandi spenna sveitalífsins, tvær tóltandi verðlaunasögur“. *Morgunblaðið* 21.5. 1994.
- „Eru þeir lesnir á ný?“ Yfirlitsgrein um bandarískar samtímabókmenntir. *Morgunblaðið* 1994.
- „Sólsækinn músarrindill í hamrahöll: Guðmundur Ingi Kristjánsson skáld að Kirkjubóli í Bjarnardal sóttur heim“. Viðtal og umfjöllun. *Vestfirski fréttablaðið* des. 1994.
- „Borgarþemba—dreifbýlistóm, slagsíðan á menningunni og missirinn sem í henni felst“. *Morgunblaðið Menning/Listir* 11.6. 1994.

- „Fórnarlamb öfundar og fordóma“. Um Kristján Magnússon, listmálara. Meðhöfundur: Jón Sigurpálsson. *Lesbók Morgunblaðsins* 30. tbl. 1994.
- „Ólíku saman jafnað – nýju lífi blásið í innflytjendabókmenntir“. *Morgunblaðið* 1994.
- „Tvífari sannleikans, Philip Roth hittir fyrir tvífara sinn“. *Morgunblaðið* 3.7. 1993.
- „Sinnaskipti gyðinganna“. Þýdd smásaga eftir Philip Roth. *Bjartur og frú Emilía* 4 1993.
- „Sendiferð“. Þýdd smásaga eftir Raymond Carver. *Bjartur og frú Emilía* 4, 1993.
- „Skýjastrætið Ástralía. Ungur ástralskur höfundur vekur athygli fyrir óvenjulega skáldsögu“. *Morgunblaðið* 30.5. 1992.
- „Feiti maðurinn í sögunni, ástralski rithöfundurinn Peter Carey sendir frá sér nýja skáldsögu“. *Morgunblaðið* 21.3. 1992.
- „Útgefendur stefna í banvænar ógöngur“. Viðtal við Þorgeir Þorgeirson um bókaútgáfu sína. *Meningarblað Morgunblaðsins* 7.3. 1992.
- „Tímamótaverk og flumbruvillur. Verðbólgan komin í bókmenntaumræðuna“. *Morgunblaðið* 8.2. 1992.
- „Hann varð samviska þjóðarinnar, nýútkomin ævisaga ástralska Nóbelskáldsins Patricks Whites vekur athygli andfætis“. *Morgunblaðið* 25.1. 1992.
- „Spunahljóð tómlaikans getur látið hátt í eyrum“. *Lesbók Morgunblaðsins* 2.11. 1991.
- „Vil vera fáránleg og fyndin, rætt við Elizabeth Jolley, einn virtasta rithöfund Ástralíu“. *Morgunblaðið* 14.9. 1991.
- „Hvernig vegnar íslensku skáldsögunni?“ *Morgunblaðið* 25.4. 1992.
- „Feðrun“. Þýdd smásaga eftir Bharati Mukherjee. *Rás* 1 1992.
- „Rýmið teygt og togað, um yfirlitssýningu á ástralskri nútímalist í Sydney“. *Morgunblaðið* 23.11. 1991.
- „Draumatími áströlsku frumbyggjanna“. *Morgunblaðið* 26.10. 1991.
- „Trampað á fánanum, pissað á Krist, púað á listamenn – aukin tilhneiging til ritskoðunar veldur usla meðal bandarískra listamanna“. *Mannlíf* júlí 1990.
- „Greiði“. Þýdd smásaga eftir Elizabeth Tallent. *Rás* 1 1990.
- „Sinnaskipti gyðinganna“. Þýdd smásaga eftir Philip Roth. *Rás* 1 1990.
- „Á mörkum ofbeldis: Er Madison Smartt Bell einn efnilegasti rithöfundur sinnar kynslóðar?“ *Morgunblaðið* 13.10. 1990.
- „Móðernisminn er holl truflun, segir Ástráður Eysteinnsson bókmenntafræðingur en bók hans, *The Concept of Modernism*, er nýkomin út hjá Cornell University Press í Bandaríkjunum“. Viðtal. *Meningarblað Morgunblaðsins* 29.9. 1990.
- „Sendiferð“. Þýdd smásaga eftir Raymond Carver. *Rás* 1 1990.
- Syrpa af útvarpspistlum um bandarískar samtímabókmenntir, m.a. um Thomas Pynchon, Anne Tyler, Amy Tan, E.L. Doctorow, John Casey og Oscar Hijuelos. *Rás* 1 1989–1990.
- „Herbergi (— leigjandi)“. Smásaga. *Tímarit Máls og menningar* 4 1989.
- „Fjöruferðir“. Smásaga. *Lesbók Morgunblaðsins* 1983.
- „Hvar er merkingin? Nýjar kenningar gefa lesandanum meira vald yfir merkingunni“. Um viðtökufræði, einkum kenningar Louise M. Rosenblatt. *Morgunblaðið* 7.5. 1988.

- „Með fellibyl í maganum“. Smásaga. *Mímir*, blað stúdenta í íslenskum fræðum 1981.

Á spænsku

- “Hermandad femenina“. Translated into Spanish by Kristinn R. Ólafsson of the short story „Systralag“. *El Vikingo Afeitado, relatos de escritores nórdicos* eds. Eva Liébana, Ursula Ojanen, Kristins R. Ólafssonar, Kirsti Baggethun og Martin Lexell. Ediciones de la torre, Madrid 1999.

Á þýsku

- “Erotik in der Mittsommernacht“, short story, *Die Schönsten Erzählungen Islands*, eds. Soffía Auður Birgisdóttir, Gert Kreutzer and Halldór Guðmundsson, Insel Verlag/Suhrkamp, 2011.
- “Eine andere Geschichte“, short story, *Gaben des Himmels, Neue Erzählungen aus Island*, eds. Kolbrún Haraldsdóttir and Humbert Seelow, Steidl Verlag, Göttingen, 2011.
- “Der Tropfen auf dem Glass“, short story, *Gaben des Himmels, Neue Erzählungen aus Island*, eds. Kolbrún Haraldsdóttir and Humbert Seelow, Steidl Verlag, Göttingen, 2011.

Á ensku

- „[The Mourning Paper](#)“. *Essay Daily* 2016.
- “Hiking Vikings“. Essay. *Monocle*. 2013.
- “[Losing Faith – A personal Account of a National Tragedy](#)“. Overland, Australia, 2013.
- “Icelandic Christmas Complaints Choir“. *Lögberg-Heimskringla* 1.1. 2011.
- “Amma’s Kaffihaus“. *Lögberg-Heimskringla* 1.10. 2007.
- „Bharati Mukherjee: An interview with Runar Vignisson“. *Journal of the South Pacific Association for Commonwealth Literature and Language Studies* nr. 34-35 1992 / 1993.

Á pólsku

Brúðarkjöllinn. 2013.

Verðlaun og viðurkenningar fyrir ritstörf

- Tilnefning til Íslensku þýðingaverðlaunanna fyrir *Sem ég lá fyrir dauðanum* 2013.
- Menningarverðlaun DV fyrir *Ást í meinum* 2012.
- Tilnefning á heiðurslista IBBY fyrir þýðingu á bókinni *Göngin*, 2009
- Tilnefning á heiðurslista IBBY fyrir þýðingu á bókinni *Silfurvængur*, 2008.
- Verðlaun Menntaráðs Reykjavíkurborgar fyrir bestu þýddu barnabókina, *Sólvængur*, 2007.
- Bæjarlistamaður í Garðabæ 2006.
- Íslensku þýðingaverðlaunin fyrir *Barndóm* eftir J. M. Coetzee 2006.
- Sex mánaða starfslaun úr Launasjóði fræðiritahöfunda 2005.
- Tilnefning til Menningarverðlauna DV fyrir þýðingu á *Friðþægingu* eftir Ian McEwan, 2004.
- Listamannalaun árlega frá 1992 (nema 1999).

- Viðurkenning úr Bókasafnssjóði höfunda 1999.
- Smásagan „Reykaskynjarinn“ valin í smásagnasafn *Rás 1* í framhaldi af samkeppni 1996.
- Tilnefning til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir *Nautnastuld*, 1990.

Umsagnir um ritverk

– *Almennt um höfundarverkið*

„Sexuality and the archaeology of gender play an even larger role in Rúnar Helgi Vignisson's (b. 1959) fiction. His novel *Nautnastuldur* (1990; *Indulgence Denied*) probes daringly into a male complex of sex drive and personal insecurity. The protagonist, whose name, Egill Grímsson, is, ironically, almost but not quite identical to that of one of the Icelandic saga heroes, Egill Skallagrímsson, is baffled by a gay foreigner who befriends him and also deeply worried about not being man enough for the young woman he loves. In the novel *Ástfóstur* (1997; *Love fetus*) Vignisson continues his excavation of male identities that do not have a tight grip on patriarchal structures and are constantly looking for assurance and comfort in the female embrace. Here, however, female identity, too, is in turmoil. The opening sentence is: "I was never born." The narrator is an aborted fetus whose sex remains undisclosed and whose paternity is in considerable doubt. Like many of Vignisson's other texts, this novel is written in a self-conscious, ironic, yet ambivalent tone, one that readers often find grating and discomfiting. Vignisson is also an accomplished author of short stories and has produced several translations, including novels by William Faulkner, Philip Roth, Amy Tan, and J. M. Coetzee. *A History of Icelandic Literature. Ritstjóri Daisy Neijmann. University of Nebraska Press, 2006.*

– *Um Ást í meinum*

„Ást í meinum geymir fimmtán sögur eftir Rúnar Helga Vignisson, sem er einn snjallasti sagnahöfundur landsins. Mannleg samskipti (eða skortur á þeim) eru hinn rauði þráður í sögum Rúnars Helga, og hann á ótrúlega létt með að draga upp í örfáum orðum persónur sem spretta ljóslifandi upp af síðunum. Þær persónur eru iðulega staddar í einhvers konar öngstræti eða ógöngum, þurfa að takast á við ást og angist, fantasíur og fóbíur, efasemdir og eftirsjá. Rúnar Helgi skrifar einstaklega fallegan stíl, sem iðulega brestur í svellandi húmor, en stílgaldurinn liggur ekki síður í hinu ósagða – því sem lesandinn bætir við þessar eftirminnilegu sögur.“

– Umsögn dómnefndar um Menningarverðlaun DV

– *Um Sólvæng*

„Sagan er ákaflega vel þýdd af Rúnari Helga Vignissyni, en lipur þýðingin ásamt afburða söguþræði heldur lesandanum límdum við bókina frá upphafi til enda.“

Dómnefnd um barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar

„ . . . ekkert sem truflar innlifunina - nema kannski helst hvað margar þýðingalausnirnar eru góðar!“

Úlfhildur Dagsdóttir, Bókmenntavefnum

– Um *Feigðarflan*

„Hér er margt skrítið og skemmtilegt á ferðinni . . . dágóð skáldsaga, skemmtileg og umhugsunarverð og nær verulegum hæðum í gegguðustu köflunum í upphafi og undir lokin. Nei, það er ekkert feigðarflan að leggja út í þennan lestur.“

Úlfhildur Dagsdóttir, Bókmenntavefnum

„Vignisson has managed to write satirically about a very serious topic. While the reader may feel either sympathy or antipathy for the novel's main characters, he will invariably ponder the fascinating peculiarities of the human condition. With *Feigðarflan*, Rúnar Vignisson not only raises but also answers important questions about human perseverance, about the bonds between us, and about love of life itself.“

Kirsten Wolf, World Literature Today

„Feigðarflan er skemmtilega kaldhæðin saga um hlutskipti rithöfundar og erfitt samband hans við samtíma sinn.“

Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljósi, RÚV

„Rúnar skrifar lífflegan og útúrdúralausan stíl, hann er laus við alla stæla, rekur stóran hluta sögunnar fram með samtölum sem eru trúverðug og þrýðilega samsett . . . Saga Rúnars er bráðskemmtileg. Hann er hugkvæmur víða í uppátækjum sínum fyrir þetta annað sjálf sitt. Einkum þykir mér fengur í gróteskum lýsingum hans í næturlífi og samkvæmissiðum þar vestra sem þó geyma marga aðra hljóma.“

Páll Baldvin Baldvinsson, DV

„Feigðarflan er full af kostulegum atvikum og persónum og höfundur sýnir oft skemmtileg tilþrif.“

Guðbjörn Sigurmundsson, Morgunblaðinu

„Feigðarflan er önnur skáldsaga Rúnars Helga Vignissonar þar sem aðalpersónan er Egill Grímsson, sem í einhverjum skilningi er alteregó Rúnars Helga sjálfs, en um leið sjálfstæð persóna þó ekki sé alltaf ljóst hvar mörkin á milli skáldskapar og veruleikans liggja. Og það

er greinilegt að Rúnar Helgi gerir þetta glottandi, snýr upp á hefðir og venjur, hefur endaskipti á klisjum og notar tákn og líkingar þegar honum sýnist eða beitir sjónhverfingum. Þetta er saga sem blekkir og trekkir . . . Heimsókn Egils til hjónanna á bænum minnir að sumu leyti á aðstæður Umba í *Kristnihaldinu* og ekki bætir úr skák þegar húsbóndinn lógar hundinum Kiljan og húsfreyjan matreiðir hann fyrir gestinn. Síðan situr hann langt fram á nótt við að árita upplagið af *Nautnastuldi* því hjónin telja að með því verði bókaeignin verðmætari í framtíðinni. Þetta er fullkomlega súrrealísk sena, óborganlega fyndin en um leið óhugnanleg svo hér fær lesandinn nóg fyrir sinn snúð.“

Hávar Sigurjónsson, Morgunblaðinu

„Ferðalag Egils er bráðskemmtilegt á köflum og á vegi hans verða kynlegir kvistir sem varpa ljósi bæði á hann sjálfan og þjóðarsálina. Þarna á meðal eru stórunderleg bóndahjón, gamall félagi frá Ísafirði . . . og síðast en ekki síst unglingsstúlkan Ekki-Snæfríður Íslandssól. Hún er dásamlegur senuþjófur sem hristir hressilega upp í Agli . . . Feigðarflan er blátt áfram og þægileg vegasaga sem rennur ljúflega í gegn enda skrifar Rúnar Helgi skýran og læsilegan texta.“

Þórarinn Þórarinsson, Fréttablaðinu

„Vissulega er hann vonsvikinn yfir slæmu gengi sínu á rithöfundarbrautinni og finnst sem lífi sínu hafi verið lifað til lítils, en þunglyndið og angistin - sem hlýtur að vera forsenda sjálfsvígsákvörðunarinnar – slær ekki í gegn í frásagnarhættinum líkt og í *Nautnastuldi* þar sem þreyta og magnleysi persónunnar höfðu allt að því lamandi áhrif á lesandann. Á hinn bóginn gerir einmitt þessi mismunur á bókunum tveimur lesturinn á *Feigðarflani* að mun „skemmtilegri“ lestrarupplifun, að mínu mati. Víða má brosa að skemmtilegu orðalagi höfundar og írónískum athugasemdum, og á ýmsum stöðum getur lesandinn varla annað en skellt upp úr þegar atburðarásin tekur óvæntar og farsakenndar beygjur.“

Soffía Auður Birgisdóttir, TMM 2007

Feigðarflan (Rena sjálmordet) av *Rúnar Helgi Vignisson* handlar ävenden i viss utsträckning om det isländska litterära livet; författare, förläggare och kritik. *Feigðarflan* är Rúnars sjätte roman, men han är ju också känd som översättare. Trots detta kan man faktiskt påstå att Rúnar Helgi inte är någon särskilt känd författare - på litteraturvetarspråk skulle man kunna säga att han inte är central i debatten. Berättaren i *Feigðarflan*, Egill Grímsson (med samma namn som den berömda hjälten och skalden i islänningasagorna) är också romanhjälte i Rúnar Helgis bok *Nautnastuldur* (Njutningsstöld) från 1990. Denna roman nämns ofta i *Feigðarflan*, och då alltid som en roman skriven av Egill Grímsson, berättaren i *Feigðarflan*.

Feigðarflan börjar med ett noggrant förberett självmord. Eller rättare sagt under de noggranna förberedelserna inför ett självmord. Författaren Egill Grímsson befinner sig i kris och har bestämt sig för att göra av med sig på ett snyggt och prydligt sätt. Saken är bara den att

förberedelserna och betoningen av prydlighet, plats och metod, blir så omfattande att självmordet blir ett tämligen komplicerat kapitel. Plötsligt har han gett sig av ut i landet, dåligt utrustad, i finkostym och slips, och råkar i de otroligaste äventyr varefter han slutligen hamnar i sin barndoms trakter vid Ísafjörður. Det inslag av tillbakablickar som tidigare i romanen mest skymtat fram, blir nu allt starkare i kombination med en hel del samhällssatir.

Här finns mycket att hämta och som helhet är denna roman vällyckad, minnesvärd och också väldigt komisk i sin skildring av den besvikne författarens kamp med sin självbild.

Úlfhildur Dagsdóttir í Nordisk Tidskrift 2006

– Um *Silfurvæng*

Rúnar Helgi er vel þekktur þýðandi og sýnir hér glæsilega takta við það að koma þessum heillandi leðurblökuheimi til skila.“

Úlfhildur Dagsdóttir, Bókmenntavefnum

Þýðing Rúnars H. Vignissonar á *Silfurvæng* virkar með eindæmum vel. Textinn er myndrænn og lýsingar svo iðandi af lífi að oftast en ekki sér lesandinn atburðina ljóslifandi fyrir sér líkt og um teiknimynd væri að ræða. Bókin er líka afskaplega falleg og vel unnin og fer vel í hendi.“

Þórdís Gísladóttir, Morgunblaðinu

– Um *Barndóm*

„Barndómur er saga af tvöföldu óréttlæti og því afar sár lesning en jafnframt áhrifamikil. Þýðing Rúnars Helga Vignissonar er guðdómleg og sýnir enn og aftur, svo ekki verður um villst, að Rúnar Helgi er í hópi okkar merkustu þýðenda.“

Sigríður Albertsdóttir, DV

„Þýðing Rúnars Helga virkar vel, og þetta er sagt án þess að samanburður hafi verið gerður milli þýðingar og upprunatexta. Frásagnarröddin er samkvæm sjálfri sér og sú lýsingarnákvæmni sem jafnan einkennir Coetzee skilar sér vel á íslensku.“

Björn Þór Vilhjálmsson, Morgunblaðinu

„Þýðing Rúnars Helga Vignissonar á *Barndómi* er jöfn og vönduð, og gædd sterku heildarsamræmi. Í eftirmála er svo hið sögulega samhengi verksins skýrt í stuttu máli, m.a. með tilvísun til tölvupósta frá Coetzee sjálfum. Að því leyti má jafnvel segja að þessi íslenska gerð sögunnar fari fram úr flestum útgáfum á frummálinu.“

Hjalti Snær Ægisson, Lesbók Morgunblaðsins

„Rúnar Helgi Vignisson hefur á undanförunum árum auðgað íslenskar bókmenntir með metnaðarfullum þýðingum sínum á skáldsögum eftir helstu höfunda samtímans. Má þar nefna bandaríska rithöfundinn Philip Roth, breska höfundinn Ian McEwan og J.M. Coetzee frá Suður-Afríku. Rúnar hefur einnig leitað fanga hjá einum fremsta og áhrifamesta skáldsagnahöfundi Bandaríkjanna á 20. öld, William Faulkner, en þýðing Rúnars á skáldsögunni *Light in August (Ljós í ágúst)* kom út árið 1999. Með þessum þýðingum hefur Rúnar Helgi unnið mikilvægt starf. Ekki síst skal honum hrósað fyrir að færa okkur framúrskarandi samtímabókmenntir á meðan þær eru nýjar og gera þær aðgengilegar á íslensku.

Með þýðingu sinni á sjálfsvævisögu suður-afrísku rithöfundarins J.M. Coetzee, *Boyhood*, heldur Rúnar Helgi þessu mikilvæga starfi áfram – áður hefur Rúnar þýtt skáldsögu Coetzee, *Disgrace*, eða *Vansæmd* (2000). Sagan *Barndómur* veitir einstaka innsýn í líf drengs sem leitast við að átta sig á sjálfum sér og heiminum í Suður-Afríku um miðja 20. öld. Hún fjallar um leit að sjálfsmýnd en felur um leið í sér mun stærri sögu þeirra þjóða og þjóðarbrotá sem byggja syðsta hluta Afríku. Á innan við tvö hundruð blaðsíðum tekst J.M. Coetzee hið ómögulega: að gefa okkur innsýn í sögu Suður-Afríku, um leið og hann horfist vægðarlaust í augu við eigin bernsku, horfist í augu við þrá og leynd sem lúrir á milli línanna, dvelur í hinu ósagða í sögu sem teljast verður yfirlætislaus og áleitin.

Þýðing Rúnars Helga kemur til skila fágætu hugrekki - jafnvel vægðarleysi – höfundar á tilgerðarlausan hátt. Eins og Rúnar bendir á í eftirmála bókarinnar þá hefur J.M. Coetzee – sem hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 2003 - svarið orðræðu skáldskaparins eið, sú orðræða er laus við sýndarmennsku, hún er grimm en gjöful og sýnir okkur glímu manns og heims í nýju ljósi. Rúnar Helgi Vignisson kemur þessari glímu vel til skila, hann færir okkur hljóðláta rödd J.M. Coetzee og auðgar þannig íslenskar bókmenntir.

Dórnafnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að Rúnar Helgi Vignisson skuli hljóta Íslensku þýðingaverðlaunin árið 2006 fyrir þýðingu sína á *Boyhood* eftir suður-afrísku rithöfundinn John Maxwell Coetzee.“

Dórnafnd um Íslensku þýðingaverðlaunin, Ingibjörg Haraldsdóttir formaður, Pröstur Helgason, Eiríkur Guðmundsson

– Um Uppspuna

„*Uppspuna* fylgir handbók fyrir kennara þar sem ritstjórinn veltir upp helstu einkennum á hverri sögu fyrir sig og álitlegum umræðuefnum fyrir nemendur. Þetta er gott framtak sem ætti að virka hvetjandi á kennara til að taka sögurnar til kennslu og einnig ætti að nýtast þeim vel eftirmáli Rúnars Helga þar sem hann fjallar um helstu einkenni og eiginleika smásagnaformsins.“

Soffía Auður Birgisdóttir, *Lesbók Morgunblaðsins*

– Um *Friðþægingu*

„Stór skáldsaga sem er svo auðveld aflestrar þrátt fyrir flókinn stíl og margbrotið viðfangsefni hlýtur að vera vel þýdd.“

Hrund Ólafsdóttir Morgunblaðinu

„Orðspor McEwan utan heimalands hans Bretlands, ekki síst í Bandaríkjunum þar sem verk hans hafa ávallt verið lofuð í hástert, bendir til þess að hann hafi í upphafi ekki notið sömu virðingar heima fyrir í Bretlandi og hann gerði á alþjóðavettvangi. Sú afstaða hins almenna breska lesanda breyttist þó með útkomu síðustu bókar hans *Atonement*, eða *Friðþæging*, eins og hún heitir á íslensku í einstaklega vandaðri þýðingu Rúnars Helga Vignissonar.“

Fríða Björk Ingvarsdóttir, Morgunblaðinu

„*Friðþæging* er dramatísk fjölskyldusaga sem spannar langan tíma, frá árinu 1935 til okkar daga. Í upphafi sögunnar verður hin 13 ára Briony sjónarvottur að hversdagslegu atviki sem hún rangtúlkar í sínum skáldlega huga. Í kjölfarið fer af stað atburðarás sem hefur skelfilegar afleiðingar í för með sér; aðskilnað, ótta, kvöl og dauða. En þrátt fyrir sáran undirtón er ástin einn helsti drifkraftur sögunnar. Þessu miklu skáldverki hefur Rúnari Helga Vignissyni lánast að þýða þannig að stílbrögð höfundar, svo og stórbrotin persónusköpun og harmþungin innsýn í stríðshráða Evrópu í seinni heimsstyrjöld, hreyfa ærlega við lesandanum. Þýðandinn hefur örugg tök á galdri frásagnarinnar og miðlar honum til íslenskra lesenda af næmleik og mikilli íþrótt.“

Dómnefnd um Menningarverðlaun, DV

– Um *Hina feigu skepnu*

„Eins og kemur fram í eftirmála Rúnars Helga Vignissonar að vandaðri þýðingu hans á Hinni feigu skepnu eftir bandaríska rithöfundinn Philip Roth, er Roth „einn mesti helgimyndabráttur í bandarískum bókmenntum fyrr og síðar [...] enda er hvatalífið eitt helsta viðfangsefni hans“.

Fríða Björk Ingvarsdóttir, Morgunblaðinu

– Um *Ísherrann*

„Jafnvel þótt engar væru myndirnar væri sögunni óhætt því textinn er svo stórfinn að það er ekki annað hægt en að lifa sig inn í þessa mjög svo áhrifaríku sögu.“

Örlygur Steinn Sigurjónsson, Morgunblaðinu

„Þýðing Rúnars Helga Vignissonar er smekkleig og á góðu máli.“

Guðmundur J. Guðmundsson DV

– Um *Túlk tregans*

„Smásagnasafnið „Túlkur tregans“ kom nýverið út á vegum bókaútgáfunnar Bjarts í þýðingu Rúnars Helga Vignissonar, bókmenntafræðings og rithöfundar. Hann hefur getið sér orð fyrir vandaðar þýðingar sínar og er þessi engin undantekning þar á.“

Fríða Björk Ingvarsdóttir, Morgunblaðinu

– Um *Í allri sinni nekt*

„“IN ALL HER NAKEDNESS” is a new collection of ten stories by Runar Helgi Vignisson, who is fast becoming a veteran writer of the new generation of postmodernists in Iceland. Vignisson has published six books previously, the first of which appeared in 1984. He has also distinguished himself as a translator, and has rendered novels by Amy Tan and Philip Roth and William Faulkner into Icelandic, for which he has received much praise. The stories in *Í allri sinni nekt* are no doubt inspired by some of the international literature Vignisson has involved himself in. The manner of writing, the style, the technical flair are reminiscent of some of the best and most imaginative English-language writing, such as that by Raymond Carver or J. M. Coetzee.

Kristjana Gunnars, World Literature Today

„Á þennan máta leiðir Rúnar Helgi lesandann gegnum sögurnar sem eru hver annarri hversdagslegri en búa yfir sannleika og dýpt sem lesandinn neyðist til að meðtaka.“

Sigríður Albertsdóttir, DV

„Það er ekkert fyrirsjáanlegt í samskiptum karls og konu í þessum bráðsmellnu smásögum Rúnars Helga. Þar eru allir að bögglast með tilfinningar sínar og það skemmtilega er að þær tilfinningar hafa ekki verið snyrtar af höfundi til að líta betur út á bók . . . Rúnar Helgi hefur einkar gott vald á smásagnaforminu, skapar skýrar persónur og helsti kostur hans, íróían, nýtur sín mjög vel í þessum sögum.“

Súsanna Svavarsdóttir, Morgunblaðinu

„Í allri sinni nekt er afar velheppnað og metnaðarfullt smásagnasafn. Metnaður höfundar kemur meðal annars fram í þeirri fjölbreytni sem einkennir söguefnin innan þessa afmarkaða ramma. Sömu fjölbreytni er að finna í stíl og uppbyggingu sagnanna . . . Í allri sinni nekt er bók skrifuð af lífi og sál, af höfundi sem tekur samningu smásagnasafns í það minnsta jafnalvarlega og skáldsöguskrif. Að dómi Listavaktarinnar er bókin Í allri sinni nekt glæsilegt smásagnasafn og sagan Dropinn á glerinu í hópi bestu íslensku smásagna.“

Ágúst Borgþór Sverrisson, visir.is

– Um *Ljós í ágúst*

„Nú hefur Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur lagt í það stórvirki að þýða eina af frægustu bókum Faulkners, *Ljós í ágúst*. Slíkt verk er ekki heiglum hent því tungutak Faulkners er flókið Suðurríkjamál og orðanotkun slík að á stundum finnur maður ekki þýðingu á orðum hans í góðri orðabók. En Rúnari Helga hefur tekist svo vel að skila stíl og sjarma höfundar yfir á íslensku að undrun sætir. Enn fremur skrifar hann vandaðan eftirmála þar sem hann kynnir höfundinn og vísar í ólíkar túlkanir fræðimanna á þessu flókna, djúpa og margradða verki.“

Sigríður Albertsdóttir, DV

„*Ljós í ágúst* eftir William Faulkner er ein markverðasta bókin á þessari bókatíð og verður að segja að það gengur kraftaverki næst að fá hana á íslensku í þýðingu sem virðist afar vel heppnuð.“

Jóhann Hjálmarsson, Morgunblaðinu

– Um *Ástfóstur*

„Formið sem Rúnar Helgi hefur valið sögu sinni er vandmeðfarið, en hann hefur á því fullkomið vald . . . Stíll sögunnar er vel heppnaður . . . Í heild er útkoman fantagóð og grípandi skáldsaga, tvímælalaust besta bók Rúnars Helga til þessa.“

Jón Yngvi Jóhannsson, DV

„...í þessari ferð fann ég einn góðan höfund sem ég hafði ekki heyrt mikið um. Hann heitir Rúnar Helgi Vignisson og bókin hans *Ástfóstur* finnst mér ægilega góð.“

Inge Knutsson, DV

„Bókin er þannig hin læsilegasta; bók með söguþráð, spennu, óvæntum lokahnútum og afar verðugum viðfangsefnum...“

Berglind Steinsdóttir TMM

„The wordplay on fóstur, ástfóstur, and hugarfóstur is woven through the novel with refreshing ingenuity, and the fetus-narrator who can move within historical time and imagination is as unusual as it is compelling. *Ástfóstur* is a truly remarkable novel.“

Kirsten Wolf, World Literature Today

– Um *Vertu sæll, Kólumbus*

„En þessa stemmningu alla hefur þýðandanum, Rúnari Helga Vignissyni, tekist mjög vel að skapa. Hann hefur líka fullt vald yfir svona snöggum og skvísulegum samtölum sem eru dálítið amerísk og þýðir þau af fimi yfir á okkar tungu.“

Kristín Ómarsdóttir, Morgunblaðinu

– Um *Strandhögg*

„ . . . frumlegt og óvenjulegt form á skáldsögu . . . Þessi margradda frásögn er sérlega vel heppnuð og nær kannski óvæntum hápunkti í miðhlutanum . . . Strandhögg er mjög vel heppnað verk, djörf og læsileg bók sem skipar Rúnari Helga Vignissyni í hóp framsæknustu og áhugaverðustu höfunda okkar.“

Jón Hallur Stefánsson, Rás 1

„Þegar á heildina er lítið er gaman að Strandhöggi og byggingin er vel heppnuð. Rúnar Helgi segir skemmtilega frá, er orðheppinn og oft drepfyndinn á einhvern kæruleysislega kvikindislegan hátt.“

Sigríður Albertsdóttir, DV

„Bókin byrjar mjög vel með sterkum sögum sem eru afbragðsvel skrifaðar. Benda má sérstaklega á sögurnar Strandstöð og Hendur sundurleitar.“

Soffía Auður Birgisdóttir Morgunblaðinu

„Sögurnar í *Strandhöggi* eru fjölbreyttar að efni og yfirbragði. Þær eru vandaðar og koma lesandanum ævinlega á óvart . . . Rúnar Helgi Vignisson hefur hér bætt ágætu verki við höfundarverk sitt og fest sig í sessi sem einn athyglisverðasti höfundur okkar af yngri kynslóð.“

Gunnlaugur Ástgeirsson, Tímariti Máls og menningar

„ . . . þetta er hans besta bók. Hér er fengist við hlutina af krafti.“

Kristján B. Jónasson, Dagsljósi, Sjónvarpinu

– Um *Leik hlæjandi láns*

„Rúnar Helgi Vignisson hefur þýtt *Leik hlæjandi láns* og ferst það vel úr hendi. Íslenskan býður ekki upp á mállýskur eins og þær sem þróast með minnihlutahópum í stórum samfélögum, en Rúnari Helga tekst engu að síður að gera góða grein fyrir muninum á orðfæri kynslóðanna tveggja.“

Einar Falur Ingólfsson, Morgunblaðinu

– Um *Nautnastuld*

„Nautnastuldur er býsna skemmtileg saga og vel skrifuð . . . sú krafa sem Egill gerir til þeirra sem næst honum standa – að þeir veiti honum athygli – verður að kröfu um að lesandinn fylgi honum til bókarloka – og það er þess virði.“

Súsanna Svavarsdóttir, Morgunblaðinu

„Hér er fengist af einlægni og alvöru við vanda sem ef til vill er lykill að samtímareynslu okkar, vanda sem ekki verður lýst til hlítar nema í skáldskap. Sagan er að auki þétt í sér og merkingarrík, full af tilvísunum, beinum og óbeinum.“

Matthís Viðar Sæmundsson, Rás 1

„*Nautnastuldur* byggir á rústum gamallar heimsmyndar og gamalla hugmynda um samfélagið í heild þegar ný og afstæð heimsmynd er að verða til. Ekkert er eins og það sýnist, ekki einu sinni mannskepnan sjálf sem ekki veit hvar öruggt er að drepa niður fæti. Þessar hugmyndir kristallast í *Nautnastuldi* Rúnars Helga þar sem hin póstmóðerníska hugvera er sundurgreind í smæstu einingar og ekkert undanskilið, hvort sem það eru leyndustu hugsanir hennar, kynlíf eða salernisferðir . . . Þetta er saga um árekstur gamalla gilda og nýrra og hvernig, og hvort, mannum tekst að púsla brotunum saman svo útkoman verði slétt og felld. Hafi *Nautnastuldur* einhvern boðskap er hann sá að sýna hvernig heimurinn er að breytast og hvernig fólk, bæði karlar og konur, taka á þessum breytingum.“

Helga Birgisdóttir Kaaber, Mímir 51, 2007

„*Nautnastuldur* hefur ekki verið fáanleg í bókabúðum um langt skeið og það er því fengur að endurútgáfunni. Bókin á sannarlega jafnmikið erindi nú og hún átti fyrir sextán árum, ef eitthvað einkennist samtímalífið jafnvel enn fremur af nautnastuldi nú en í byrjun síðasta áratugar.“

Þröstur Helgason, Lesbók Morgunblaðsins

– Um *Ekkert slor*

„Bezta skáldsagan var eftir kornungan Ísfirðing (nemanda úr MÍ) - og hún var ekkert slor. Sagan er sprottin upp úr hörðu mannlífi sjávarplássins og ósvikin vegna lifandi þekkingar höfundar á hugsunarhætti og kjörum þess fólks, sem hann elskar. Höfundurinn hefur til að bera hvort tveggja ást til mannfólksins og kunnáttu í skáldverkinu.“

Jón Baldvin Hannibalsson, Morgunblaðinu

„Ekkert slor er mjög efnilegt byrjendaverk.“

Gunnlaugur Ástgeirsson, Helgarpóstinum

„Rúnar Helgi hefur sýnt að hann er efnilegur höfundur sem gaman getur orðið að fylgjast með í framtíðinni.“

Matthías Viðar Sæmundsson, DV

„Skáldsögur um daglegt líf íslensks fiskverkafólks nú á dögum eru næsta sjaldgæfar og af þeim fáu, sem ég hef séð á undanförunum árum, þykir mér þessi bera af. Hér er sýnilega á ferðinni höfundur sem vert er að veita fulla athygli í framtíðinni.“

Jón Þ. Þór NT

„Rúnar Helgi skrifar talsvert íburðarmikinn stíl, hreint ekki „skáldlegan“ en þó nokkuð sniðugan. [...] Bak við galsann og hispursleysið stendur býsna alvörugefinn höfundur – höfundur sem ber virðingu fyrir lífinu, vinnunni og ástinni.“

Erlendur Jónsson, Morgunblaðinu

